

Hvar þrengir? að



Könnun á stöðu þeirra sem minnst mega sín í íslensku samfélagi

maí 2006

Samantekt	2
Formáli.....	5
1. Inngangur.....	6
2. Aðferð	9
2.1. Hlutverk teymis	9
2.2. Val á þátttakendum.....	9
2.3. Framkvæmd, úrvinnsla gagna og uppsetning niðurstaðna.....	10
3. Niðurstöður	11
3.1. Bótapegar.....	12
3.1.1. Öryrkjar.....	13
3.1.2. Geðfatlaðir.....	16
3.1.3. Aldraðir.....	17
3.2. Láglaunafólk.....	18
3.2.1. Einstæðar mæður.....	18
3.2.2. Innflytjendur.....	20
3.2.3. Karlar sem eru einstæðingar.....	22
3.3. Börn sem skortir tækifæri.....	23
3.3.1. Erfiðar aðstæður.....	23
3.4. Áleitín mál	24
3.4.1. Áhættuhópar framtíðarinnar.....	24
3.4.2. Munurinn á milli sveitarfélaga og landshluta.....	25
3.4.3. Munur á bágri félagslegri og fjárhagslegri stöðu.....	26
3.4.4. Fátækt á Íslandi.....	26
3.4.5. Jafn aðgangur að heilsugæslu.....	27
3.4.6. Tengsl á milli fjárhagslegrar stöðu og heilsu.....	28
3.4.7. Ofbeldi og áhrif þess.....	28
3.4.8. Innflytjendur sem standa höllum fæti.....	29
3.4.9. Fólksflutningar.....	29
4. Niðurlag.....	30
5. Heimildaskrá.....	31
6. Viðauki	33

Samantekt

Skýrsla þessi segir frá niðurstöðum landskönnunar sem framkvæmd var í lok árs 2005 og upphafi 2006. Meginmarkmið hennar var að komast að því hvaða hópar á Íslandi standa höllum fæti en alþjóðlega Rauða kross hreyfingin, þ.á.m. Rauði kross Íslands, skuldbindur sig til að vinna með, og fyrir, þá sem minnst mega sín. Tilgangur könnunarinnar er að skilgreina þörfina fyrir aðstoð, forgangsraða verkefnum svo þau nýtist sem best, ákveða hvernig málsvarastarfi skuli hagað og vekja athygli almennings og stjórnvalda á aðstæðum bágstaddra á Íslandi. Rauði krossinn hefur tvisvar áður staðið fyrir gerð slíkra kannana.

Könnunin er byggð á 57 viðtölum við álitsgjafa víðsvegar að af landinu, þ.e.a.s. fólk sem starfar í nánum tengslum við bágstadda hópa, á ólíkum starfssviðum og það sem býr við bág kjör.

Sjö hópar standa verst í íslensku samfélagi skv. könnuninni. Þeir eru **öryrkjar, einstæðar mæður, innflytjendur, aldraðir, karlar sem eru einstæðingar, geðfatlaðir og börn sem búa við erfiðar aðstæður**. Ekki eru allir sem tilheyra ofangreindum hópum bágstaddir, heldur einungis þeir sem búa við tiltekna aðstæður s.s. lifa á óskertum bótum, með lág laun, búa við fátækt og veik félagsleg tengsl og eru félagslega einangraðir. Hópunum var skipt í þrjá flokka; **Bótaþega, láglaunafólk og börn sem skortir tækifæri**.

Ástæður þess að bótaþegar (öryrkjar, aldraðir og geðfatlaðir) standa höllum fæti eru:

Þeir bótaþegar sem lifa á óskertum bótum frá Tryggingastofnun búa við fátækt. Bætur eru of lágar og duga ekki fyrir nauðþurftum. Brýn þörf er á að hið opinbera láti útbúa opinber lágmarksframfærsluviðmið og hækki bæturnar samkvæmt því. Tekjur skerðast alltof fljótt með þeim afleiðingum að bótaþegum, sem vilja og geta bætt hag sinn með vinnu, er það ekki mögulegt. Tryggingabótakerfið er flókið og ógegnsætt og ósamræmis gætir í örorkumati. Þjónustuna þarf að einstaklingsmiða og leggja meiri áherslu á endurhæfingu í kerfinu og bjóða upp á leiðir til að komast út úr örorkunni. Heilbrigðiskerfið tekur of seint við geðfötludum þ.e. eftir að þeir verða alvarlega veikir. Þeir sem búa við veikt félagslegt tengslanet, eru félagslega einangraðir og/eða eru fiklar, eru að jafnaði enn verr settir.

Ástæður þess að það hallar á láglaunafólk (einstæðar mæður, innflytjendur og karla sem eru einstæðingar):

Lægstu launin eru of lág og nægja ekki fyrir nauðþurftum (eru jafnvel lægri en örorkubætur). Fólki í láglaunastörfum býr við fátækt, einkum það sem ekki nýtur félagslegs stuðnings frá ættingjum og vinum. Hækka þarf lágmarkslaun, tryggja fólki nauðsynlegar lágmarkstekjur og hækka skattleysismörkin. Útbúa þarf lágmarksframfærsluviðmið og setja launin upp fyrir það. Fátækir einstaklingar í veikri félagslegri stöðu eru fastir í vítahring aðstæðna sinna. Gera þarf þeim kleift að komast út úr þessum aðstæðum. Fræðsla og menntun eru lykill í því ferli. Innflytjendur sem búa við fátækt og tala þar að auki ekki íslensku er enn verr settir.

Ástæður þess að sum börn skortir tækifæri (fátæk börn og hin svokallaða 3. kynslóð¹) eru:

Börn bótaþega og láglaunafólks búa við fátækt. Þau búa ekki við sömu lífsgæði og njóta ekki sömu tækifæra og flest önnur börn á Íslandi. Mörg bera stöðu sína utan á sér; í fasi, hegðun og klæðaburði og eiga frekar á hættu að vera lögð í einelti en önnur börn. Þau lenda oft í sömu sporum og foreldrar þeirra þegar þau komast á fullorðinsár. Brynt er að tryggja jöfnuð allra barna, þó sérstaklega innan skólakerfisins, og veita þeim möguleika á að fá heitar skólamáltíðir, stunda tómstundastarf og íþróttir óháð fjárhagslegri stöðu foreldra þeirra. Fátæk börn sem jafnframt búa við vanrækslu, óreglu og/eða ofbeldi á heimilum sínum eru mun verr sett. Þau þurfa mikinn stuðning frá samfélaginu.

Í könnuninni var spurt um önnur áleitín mál og fram kom:

Þeir hópar sem eiga það helst á hættu að verða bágstaddir í framtíðinni eru fátæk börn og 2. kynslóð innflytjenda.

Mikill munur er á þeirri þjónustu sem er í boði á milli sveitarfélaga og landshluta. Þau sveitarfélög sem eru betur stæð og stærri geta veitt betri þjónustu en önnur og fleiri, og fjölbreyttari, úrræði. Sum minni sveitarfélög veita ekki þá þjónustu sem þeim ber með þeim afleiðingum að fólki í veikri félagslegri og fjárhagslegri stöðu flæmist á brott úr þeim.

Hægt er að gera greinarmun á félagslega og fjárhagslega bágri stöðu. Sumir eru illa staddir fjárhagslega en vel staddir félagslega og aðrir eru vel staddir fjárhagslega en illa staddir félagslega. Oftast fer þetta tvennt þó saman, er hringverkandi og myndar vítahring.

Það er sannarlega fátækt á Íslandi. Viðmið fátækta eru afstæð. Fátækur einstaklingur á ekki fyrir lífsnauðsynjum en lífsnauðsynjar eru metnar ólíkt á milli tíma og samfélaga. Fátækt tengist oftast fjárhagslegum aðstæðum en til er annars konar fátækt. Félagslega fátækir eru þeir sem passa ekki inn í *normin* og andlega fátækir eru þeir sem hafa ekki gaman af neinu. Það er

¹ Sjá skýringu í 3.3.1.1.

breikkandi bil á milli þeirra ríkustu og þeirra fátækustu í samfélaginu og því fylgir sýnilegri stéttaskipting.

Skiptar skoðanir eru um hvort allir hafa jafnan aðgang að heilsugæslu á Íslandi. Grunnheilsugæslan er ódýr og aðgengileg öllum, segir hluti viðmælenda, en annar telur að svo sé ekki. Landfræðilegar orsakir liggja þar m.a. til grundvallar og þó að heilsugæslan væri ódýr væri hún samt of dýr fyrir ofangreinda hópa.

Að lifa við ofbeldi hefur skaðleg áhrif á fólk. Kynferðisofbeldi, einkum í æsku, er ein alvarlegasta tegund ofbeldis vegna langvarandi áhrifa sem sú reynsla hefur á einstakling. Líta á alvarlegum augum á allar tegundir ofbeldis.

Fólksflutningar haldast oftast í hendur við atvinnuástand. Þangað sem atvinnuástandið er gott flyst fólk og þaðan sem atvinnuástandið er slæmt. Betri þjónusta og fleiri og fjölbreyttari úrræði sveitarfélaga skipta einnig máli í þessum efnum.

Formáli

Rauða kross hreyfingin hefur sett sér stefnu og sameiginleg markmið sem hún starfar eftir. Stefna Alþjóðasambands landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans fyrir árin 1990 – 2000 og frá árinu 2000 – 2010 hefur það að meginmarkmiði að vinna með og fyrir þá sem standa höllum fæti. Á Evrópuráðstefnu Rauða krossins í Kaupmannahöfn árið 1997 var þetta markmið áréttað í lokaályktun þar sem öll landsfélögin, þar á meðal Rauði kross Íslands, skuldbundu sig til þess að efla starf í þágu þeirra sem allra verst standa og gera það enn markvissara (Rauði krossinn, 2000).

Í framhaldi af þessari yfirlýsingu var samþykkt á aðalfundi Rauða kross Íslands þetta sama ár, og í stefnu ári síðar, að félagið hefði að leiðarljósi að starfa í þágu þeirra sem minnst mega sín og myndi standa að skipulegum athugunum á aðstæðum þeirra sem hallar á í samfélaginu. Unnið hefur verið eftir þessari samþykkt og jafnframt hefur verið hnykkt á henni nokkrum sinnum (Rauði kross Íslands, 1998; 1999; 2000; 2001; 2002; og 2003). Til að mynda segir í Leiðarljósi og stefnu Rauða kross Íslands til 2010 að málsvarastarfið skuli miðast við þarfir þeirra hópa sem unnið er með samkvæmt skilgreindum forgangsverkefnum félagsins. Forgangsroðun verkefna þarf að byggja á vönduðum og ítarlegum könnunum eða rannsóknum. Þessi skýrsla er liður í því.

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum landskönnunar sem framkvæmd var í lok árs 2005 og upphafi 2006. Meginmarkmið hennar er að kanna hvaða hópar á Íslandi standa höllum fæti, af hverju og hvernig má breyta aðstæðum þeirra til batnaðar. Könnunin er byggð á viðtölum við álitsgjafa, þ.e.a.s. fólk sem starfar í nánnum tengslum við bágstadda hópa, á ólíkum starfsviðum. Gert er ráð fyrir að þeir geti gefið góða mynd af umræddum hópum og aðstæðum þeirra. Til þess að varpa ljósi á aðstæður ofangreindra hópa voru tekin nokkur viðtöl við svokallaða notendur þjónustunnar, þ.e. þá sem búa við þau kjör sem lýst er í skýrslunni. Hugmyndir þeirra eru dregnar fram í tilvitnunum á spássíum. **Þeir sem standa höllum fæti** eru skilgreindir sem:

- ***Einstaklingar sem geta ekki verið fullgildir þátttakendur í samfélaginu og notið þeirra lífsskilyrða og þæginda sem teljast eðlileg á hverjum tíma, hverjar sem svo ástæður þess kunna að vera.***

Rauði kross Íslands hefur staðið fyrir gerð slíkra landskannana allt frá árinu 1994 en þá kom fyrsta skýrsla þessarar tegundar út. Önnur kom út árið 2000. Þessi skýrsla er því sú þriðja í röðinni. Auk kannana á landsvísu hafa sumar deildir félagsins staðið fyrir staðbundnum könnunum undanfarin ár til frekari upplýsingaöflunar um sitt starfssvæði. Skýrslurnar hafa þróast með árunum, lengst og tekið nokkrum breytingum án þess að vikið hafi verið frá grunnhugmyndinni, þ.e. að leita upplýsinga um hverjir standa höllum fæti í íslensku samfélagi. Mikilvægt er að félagið geri slíkar kannanir með reglulegu millibili því staðan getur breyst hratt. Vegna utanaðkomandi áhrifa getur ástand hópa versnað til muna á skömmum tíma, eða batnað, ef því er að skipta. Félagið verður að vera vakandi fyrir því hvar skóinn kreppir hverju sinni til þess að geta uppfyllt skuldbindingar sínar gagnvart þeim sem hallar á; vandað verkefnavalið og beint málsvarastarfi í rétta átt. Með öðrum orðum lætur Rauði krossinn gera slíkar kannanir til þess að:

- ***Skilgreina hvar þörfin fyrir aðstoð er mest hverju sinni.***
- ***Forgangsraða verkefnum svo þau nýtist sem best.***
- ***Ákveða hvernig haga skuli málsvarastarfi.***
- ***Vekja athygli almennings og stjórnvalda á aðstæðum bágstaddra á Íslandi.***

Fyrri kannanir hafa komið að góðum notum í starfsemi félagsins. Til að mynda kom fram í könnuninni frá 1994 að ungar, atvinnulausar og lítið menntaðar einstæðar mæður, ákveðinn hópur barna og unglinga, og geðfatlaðir væru þeir hópar sem verst stæðu. Út frá niðurstöðunum var hleypt af stokkunum samstarfsverkefni með Félagi einstæðra foreldra og sérstakur

námssjóður var stofnaður til að gera einstæðum mæðrum auðveldara að sækja sér menntun og bæta stöðu sína. Í niðurstöðum könnunarinnar frá árinu 2000 kom fram að bágstaddir kæmu helst úr röðum lágtekjufólks, styrkþega, geðfatlaðra, einstæðinga og ákveðinna hópa barna og unglinga. Út frá niðurstöðunum var verkefnum hrint úr vör sem lutu að heimsóknarþjónustu fyrir þá sem eru félagslega einangraðir, stuðningi við geðfatlaða og forvarnastarfi með börnum og unglingum.

Í júní 2005 var settur saman vinnuhópur í kringum gerð þriðju landskönnunarinnar. Hlutverk hans var stuðningur við verkefnastýru á vinnslutímanum. Hópurinn skipaðu Helga G. Halldórsdóttir, sviðsstjóri innanlandssviðs Rauða kross Íslands, Sigrún Árnadóttir, þáverandi framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, Sigurveig H. Sigurðardóttir, lektor í félagsráðgjöf hjá Háskóla Íslands, Laufey Gunnlaugsdóttir, verkefnastjóri könnunarinnar sem út kom árið 2000, Geir Gunnlaugsson, barnalæknir og forstöðumaður Miðstöðvar heilsuverndar barna og Jón Sæmundur Sigurjónsson, skrifstofustjóri hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Guðrún M. Guðmundsdóttir, mannfræðingur, var ráðin til að stýra verkefninu. Kristján Sturluson núverandi framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands tók við sæti Sigrúnar Árnadóttur í vinnuhópnum í nóvember 2005. Alls hélt hópurinn sex formlega fundi. Hlé var gert á verkefninu sumarið og haustið 2005. Verkefnið tók um fimm mánuði í vinnslu en var fullunnið í lok apríl 2006.

Ísland hefur á undanförunum árum verið flokkað meðal ríkustu landa heims skv. ýmsum alþjóðlegum rannsóknum og könnunum². Þrátt fyrir það virðast nokkrir hópar á Íslandi tynast í meðaltölum og búa við skort og slök lífskjör. Samkvæmt fræðikonunni Hörpu Njáls bjuggu um 7% íslensku þjóðarinnar við sára fátækt á árunum 1997 – 1998 og telur hún ólíklegt að dregið hafi úr fátækt á sl. árum (Harpa Njáls, 2003a). Samkvæmt rannsókn frá árinu 1996 kom fram að mestar líkur voru á að fátækt fólk kæmi úr röðum aldraðra, sjúkra, öryrkja, atvinnulausra, námsmanna, bænda, ófaglærðra á vinnumarkaði og einstæðra foreldra og fram kom að 64% þeirra sem lifa við fátækt á Íslandi voru barnafólk (Stefán Ólafsson og Karl Sigurðsson, 1996). Konur eru mun líklegri til að vera fátækar en karlar, þ.e. ríflega 50% meiri líkur, og jafnframt ungir fremur en aldnir (Stefán Ólafsson, 1999).

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið styrkti gerð landskönnunarinnar að þessu sinni með það að markmiði að varpa ljósi á heilsu þeirra sem verst standa. Í erlendum rannsóknum hefur margoft verið sýnt fram á að einstaklingar sem hafa lág laun, eiga stutta skólagöngu að

² Til að mynda var Ísland í 2. sæti á lista yfir fjárhagslega frammistöðu (economic performance) í *Human Development Report* frá árinu 2005 sem Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) gaf út.

baki, eru ófaglærðir eða atvinnulausir, búa við meira heilsuleysi og lífa skemur en aðrir (Mackenbach, 2006; Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, 2005). Ójöfnuður af þessu tagi, sem byggist á efnahagslegri og félagslegri stöðu, fer vaxandi víða í Evrópu, t.d. hefur munur á lífslíkum þeirra sem tilheyra neðri þrepum þjóðfélagsstigans og þeim efri, aukist á síðustu áratugum. Að minnka þennan ójöfnuð er aðkallandi verkefni að mati Evrópusambandsins og í raun stærsta áskorun sem snýr að heilbrigðiskerfum Evrópu í nútímanum (Mackenbach, 2006). Á Íslandi eru fáar rannsóknir sem sérstaklega hafa skoðað áhrif lakrar fjárhagslegrar stöðu á heilsu fólks (barna og fullorðinna) (Harpa Njáls, 2003b). Í þeim rannsóknum sem hafa verið gerðar kemur þó skýrt fram að þeir sem búa við verri félags- og efnahagslegar aðstæður hér á landi búa jafnframt við lakara heilsufar (Matthías Halldórsson, Cavelaars, A.E. J. M., Kunst, A.E. og Mackenbach, 1999; Harpa Njáls, 2003a; Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, 2005; Rúnar Vilhjálmsson, 2000, Sigríður Jónsdóttir, 1997). Í nýlegri skýrslu UNICEF um fátækt innan OECD landanna var Ísland ekki með vegna skorts á upplýsingum, og var þar á báti með Slóvakíu, Tyrklandi og Kóreu. Þar kemur fram að hlutfall fátækra barna í iðnríkjum fer hækkandi³ (UNICEF Innocenti Research Centre, 2005). Það er því brýnt verkefni að skoða tengsl félagslegrar og fjárhagslegrar stöðu og heilsu barna og fullorðinna á Íslandi.

³ Í skýrslunni kemur m.a. fram að hlutfall fátækta á meðal barna er lægst í Danmörku (2.4%) og Finnlandi (2.8%) er hæst í Bandaríkjunum (21.9%) og Mexíkó (27.7%) (UNICEF Innocenti Research Centre, 2005).

2. Aðferð

Þessi skýrsla er byggð á könnun og er tilgangur hennar að kortleggja þá sem standa höllum fæti, út frá hugmyndum þeirra sem starfa í návígi við þá, auk þeirra sem búa við bág kjör.

2.1. Hlutverk teymis

Eins og greint er frá í inngangi naut verkefnastýra stuðnings teymis sem aðstoðaði hana við að útbúa lista yfir viðmælendur og spurningalista sem stuðst var við í viðtölunum. Teymið gaf henni einnig ráð, gagnrýni og ábendingar í vinnuferlinu og við skýrsluskrifin. Spurningalistinn byggist að miklu leyti á þeim spurningalista sem notaður var árið 2000, þó með nokkrum breytingum og viðbótum. Til dæmis er sérstök áhersla lögð á heilsu og heilbrigðismál í þetta sinn, eins og áður er getið. Eins er sjónum beint að ofbeldi sem áhrifaþætti bágrar stöðu. Spurt er sérstaklega um innflytjendur vegna vísbendinga sem komu fram í könnuninni árið 2000 en þar kom fram að þeir væru hópur sem ætti það á hættu að verða bágstaddur í framtíðinni.

2.2. Val á þátttakendum

Áhersla var lögð á að þátttakendur gætu endurspeglað sjónarmið landsbyggðarinnar jafnt og höfuðborgarsvæðisins, enda um að ræða könnun á landsvísu. Eins, að ná til breiðs hóps álitsgjafa til að könnunin gæfi sem víðasta mynd af þeim sem hallar á í íslensku samfélagi. Talað var við alls 57 álitsgjafa. Reynt var að halda sig við eins marga álitsgjafa og mögulegt var frá fyrri könnunum til þess koma auga á þróun ástandsins á milli kannana. Það reyndist þó ekki alltaf auðvelt. Margir viðmælendanna sem tóku þátt árið 2000, og 1994, höfðu skipt um vinnu eða færst til á vinnustað sínum og störfuðu því ekki lengur í návígi við hópana eins og áður og töldu sig ekki lengur eiga erindi í slíka könnun. Þó tókst að halda nokkrum fyrri viðmælendum á þátttakendalistanum. Fimm álitsgjafar sem tóku þátt hafa verið með frá upphafi, þ.e.a.s. bæði árið 1994 og 2000 og sjö tóku einnig þátt í könnuninni sem út kom árið 2000. Dreifing viðmælenda á landsvísu er með eftirfarandi hætti:

- **39 frá höfuðborgarsvæðinu⁴**
- **4 frá Suðurlandi**
- **4 frá Austurlandi**
- **6 frá Norðurlandi**
- **4 frá Vesturlandi**

⁴ Hluti þátttakenda frá höfuðborgarsvæðinu voru sérfræðingar á sínu sviði og gátu gefið upplýsingar fyrir allt landið.

Til dæmis voru tekin viðtöl í Reykjavík, Hafnarfirði, á Selfossi, Þorlákshöfn, Hvolsvelli, Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði, Egilsstöðum, Raufarhöfn, Akureyri, Húsavík, Hvammstanga, Akranesi, í Reykjanesbæ og á Ísafirði. Á listanum voru t.d. félagsmálastjórar, prestar, skólastjórar, námsráðgjafar, læknar, lögregluþjónar, starfsmenn félagsþjónustu sveitarfélaga og hjálparsamtaka, sérfræðingar í málefnum innflytjenda, öryrkja og velferðar barna, skólahjúkrunarfræðingar, Rauða kross fólk og fræðimenn. 37 viðmælendur voru konur og 20 karlar. Þátttakendum var heitið fullum trúnaði og er þess því gætt eftir fremsta megni í skýrslunni að ekki verði unnt að rekja upplýsingar til þeirra.

2.3. Framkvæmd, úrvinnsla gagna og uppsetning niðurstaðna

54 viðtöl voru tekin augliti til auglitis og studdist verkefnastýra við spurningalistann og tók viðtölin upp. Þrjú viðtöl voru tekin í gegnum síma. Viðtölin tóku að meðaltali 40 mínútur.

Verkefnastýra afritaði sérhvert viðtal að því loknu og flokkaði svörin út frá spurningum.

Niðurstöðurnar skiptast í tvo meginhluta. Í fyrri hluta niðurstaðna (sjá spurningu 1. a), b), c) og d) í viðauka) er fjallað um sjö af þeim hópum sem oftast voru nefndir. Hóparnir eru flokkaðir í þrennt: **Bótapega**, **láglaunafólk** og **börn sem skortir tækifæri**. Hver hópur hefur nokkur undirþemu þar sem gerð er grein fyrir þeim vandamálum sem steðja að hverjum hópi og jafnframt nefndar tillögur til úrbóta.

Í seinni hlutanum (sjá spurningar 2, 3, 4, 5, 6, 7 og 8 í viðauka) er gerð nánari grein fyrir ástandi bágstaddra, hvað ákvarðar bága stöðu þeirra, stéttaskiptingu og hvort hægt sé að tala um fátækt á Íslandi. Eins er kannaður aðgangur að heilbrigðiskerfinu og tengsl á milli lakrar fjárhagslegrar stöðu og heilsu, og áhrif ofbeldis á þá sem við það búa. Í lok spurningalistans (sjá spurningar 9 og 10 í viðauka) var spurningum eingöngu beint til viðmælenda frá landsbyggðinni þar sem spurt var um flutninga til og frá bæjarfélaginu og ástæður þeirra.

3. Niðurstöður

Þeir hópar sem standa verst í íslensku samfélagi samkvæmt könnuninni eru þessir:

- *Öryrkjar sem eru á óskertum bótum frá Tryggingastofnun og búa við veik félagsleg tengsl⁵. Einnig þeir sem falla á milli kerfa.*
- *Einstæðar mæður sem eru lítið menntaðar í láglauastörfum, njóta lítils félagslegs stuðnings. Einnig þær sem hafa skerta starfsorku.*
- *Innflytjendur sem kunna ekki íslensku og eru í láglauastörfum. Þeir sem koma frá löndum sem eru menningarlega frábrugðin Íslandi, og heimavinnandi húsmæður sem búa við einangrun.*
- *Aldraðir sem lifa á óskertum lífeyri frá Tryggingastofnun og eru félagslega einangraðir. Einnig aldraðir sem eru geðfatlaðir.*
- *Karlar sem eru einstæðingar, hafa misst tengslin við börn sín og fjölskyldur og eru félagslega einangraðir, í láglauavinnu eða atvinnulausir. Margir þeirra hafa verið í áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu.*
- *Geðfatlaðir sem lifa á óskertum bótum frá Tryggingastofnun og eru félagslega einangraðir. Einnig geðfatlaðir fíklar.*
- *Börn sem skortir tækifæri, sem búa við fátækt og skort á nauðsynjum og þau sem þar að auki búa við vanrækslu (þ.e. börn sem tilheyra hinni svokölluðu 3. kynslóð⁶).*

Fátækt, veik félagsleg tengsl og félagsleg einangrun liggja sem rauður þráður í gegnum viðtölin þegar orsakapættir slæmrar stöðu voru ræddir eins og sjá má á listanum hér að ofan. Bálg fjárhagsleg staða kemur í veg fyrir að fólk geti tekið fullan þátt í samfélaginu og notið þeirra lífsgæða sem almenningur telur sjálfsgöð, s.s. að næra sig og klæða á fullnægjandi hátt, taka þátt í félagslegum athöfnum s.s. tómstundum, íþróttaiðkun eða mannfögnum. Það býr almennt við verra heilsufar (bæði andlega og líkamlega), á frekar á hættu að veikjast á lífsleiðinni, verða öryrkjar og atvinnulaust. Fólk sem býr þar að auki við veik félagsleg tengsl hefur það enn lakara og á það á hættu að einangrast. Það festist í vítahring fátæktar og einsemdar. Margir viðmælendur töluðu um þennan vítahring og bentu ennfremur á slæm áhrif hans á líf barna sem alast upp við slíkar aðstæður.

⁵ Sá eða sú sem nýtur lítils félagslegs stuðnings eða býr við veik félagsleg tengsl er í litlum samskiptum við fjölskyldu, vini og vinnumarkaðinn og nýtur jafnframt lítils stuðnings frá þeim. Þessu fólki hættir til að einangrast félagslega.

⁶ Með 3. kynslóðinni er átt við hvernig bágar aðstæður flytjast frá einni kynslóð til annarrar. Barn sem henni tilheyrir fæðist inn í fátækt, í breiðasta skilningi þess orðs, og elst ekki eingöngu upp við fjárhagslega fátækt, heldur menningarlega og félagslega líka.

Í könnuninni kemur fram að ekki er hægt að alhæfa að allir sem eru fjárhagslega illa staddir standi höllum fæti. Sumum tekst betur en öðrum að láta enda ná saman með lítið á milli handanna, sérstaklega þeir sem eiga góða að. Ekki tilheyra námsmenn sem lifa á námslánum þessum hópi bágstaddir þrátt fyrir að þeir búi við kröpp kjör. Félagslega sterkt fólk getur lifað góðu lífi við þröngan kost, einkum ef ástandið er aðeins tímabundið. Margir viðmælendur taka fram að slíkar vangaveltur séu ósanngjarnar og eigi ekki við um bótaþega (öryrkja og aldraðra) á óskertum bótum, því bætur þeirra séu alltof lágar og nægi ekki fyrir nauðpurftum. Umræða um nýtni og betri forgangsroðun á því ekki við í þeirra tilfalli. Sama á við um fólk í láglauastörfum.

Einn viðmælandi gagnrýnir að leitaðir séu uppi hópar þeirra sem hallar á, að hans mati er eðlilegra að leitast við að skilgreina aðstæðurnar sem valda því að fólk verður bágstätt. Það að vera einstæð móðir þýðir ekki að kona sé bágstödd, heldur geta ytri aðstæður valdið því. Ef hún er t.d. ómenntuð og atvinnumöguleikar hennar takmarkast við láglaunavinnu. Ef hún nýtur þar að auki lítils félagslegs stuðnings lendir hún í fátæktargildru. Þá aukast líkurnar á þunglyndi og heilsuleysi og jafnvel félagslegri einangrun. Nær sé að líta á aðstæðurnar sem komu henni í gildruna, greina þær og kanna hvað megi gera til að koma í veg fyrir að slíkt geti gerst. Með því að flokka einstæðar mæður sem bágstaddir er tilhneiging til að leggja ábyrgðina á þeirra herðar og það er ósanngjarnt. Í skýrslunni verða aðstæður sem valda bágru stöðu skilgreindar eftir fremsta megni þó talað verði um hópa til einföldunar.

64 ára gamall maður, öryrki:
„Fólk í minni stöðu hefur milli 105.000 – 110.000 kr. á mánuði. Þá á það eftir að greiða leigu. Það er vonlaust að lifa á þessum bótum og er í raun og veru ekki möguleiki“.

3.1. Bótaþegar

Þeir bótaþegar sem hafa það verst eiga sammerkt að lifa á óskertum bótum frá Tryggingastofnun og við lítinn félagslegan stuðning. Margir viðmælendur eru gagnrýnir á tryggingabótakerfið og segja það alltof flókið, ógegnsætt og þunglamalegt og að allt kerfið byggji á því að fyrirbyggja svindl. Hér verða rakin helstu atriðin sem fram komu:

- **Umfram allt eru bætur alltof lágar og nauðsynlegt að hið opinbera láti búa til lágmarksframfærsluviðmið.** Núverandi viðmið eru ekki í neinu samræmi við raunveruleikann. Velferðarkerfið verður að tryggja fólki lágmarkstekjur, aðstöðu til fastrar búsetu, aðgang að menntun og heilsugæslu.
- **Samstarfið á milli hins opinbera, sem sér um málefni bótaþega annars vegar, og sveitarfélaganna, sem sinna félagsþjónustunni hins vegar, er ekki nægilega gott.** Rifist er um hver eigi að borga brúsann og sumir einstaklingar lenda þ.a.l. á milli kerfa. Þessir árekstrar bitna á öryrkjum. Öryrki sem þarf t.a.m. á kostnaðarsamri tannlæknisaðgerð að halda og hefur ekki efni á að borga hana lendir í vandræðum.

Hvorki Tryggingastofnun né viðkomandi sveitarfélag greiða fyrir hann aðgerðina því það er ekki í þeirra verkahring.

- **Framboð þjónustuúrræða í kerfinu er nægilegt, þau leynast víðs vegar, vandamálið er að fáir vita af þeim.** Koma þarf á fót samþættingarmiðstöð líkt og þekkist víða erlendis, þar sem fólk getur leitað á einn stað og fengið upplýsingar.
- **Endurskoða þarf tryggingabótakerfið frá grunni.** Gera þarf úttekt á stöðunni; fjárhagsstöðu skjólstæðinga, aðstæðum og vellíðan, útbúa opinber viðmið um lágmarksframfærslu, hafa notendur þjónustunnar með í ráðum og útbúa nýtt og bætt kerfi. Skynsamlegast er að sameina allar stofnanir sem koma að velferðarmálum undir einn og sama hatt, undir eitt ráðuneyti. Með þeim hætti er hægt að einfalda kerfið og gera það gagnsærra.
- **Einfalda þarf kerfið og fækka bótaflokkum.** Bótaflokkar eru of margir. Það gefur þeim útsjónarsömu betri möguleika á að lifa af bótunum, þó þær séu iðulega lágar. Fyrirkomulagið bitnar á þeim sem hafa sig lítið í frammi, þeir kunna ekki á kerfið. Í staðinn má hækka grunnbætur.
- **Þjónusta við bótaþega þarf að vera einstaklingsmiðuð.** Brynt er að komast út úr *kassahugsuninni* og gera einstaklingsmiðaðar áætlanir. Þarfir einstaklinga eru ólíkar. Hafa þarf margskonar úrræði í boði í einu, með þarfir hvers og eins í huga.

3.1.1. Öryrkjar

Í viðtölunum var bent á að öryrkjar eru fjölbreyttur hópur fólks sem býr við afar ólíkar aðstæður og kjör.

3.1.1.1. Lágur bætur og örorkumat

Langflestir viðmælendur telja að rekja megi bága stöðu öryrkja til lágra bóta. Öryrki með grunnbætur frá Tryggingastofnun hefur t.a.m. 105 þúsund krónur á mánuði fyrir skatta og það gengur ekki, það dugir ekki fyrir hann að forgangsraða, því ekki er til nægilegt fé fyrir nauðpurftum. Í bókinni *Fátækt á Íslandi* leiddu niðurstöður í ljós að hjón (öryrki og sjúklingur) með þrjú börn á framfæri vantar 69.160 kr. til að eiga fyrir lágmarksútgjöldum. Þar er gengið út frá framfærsluþáttum sem taldir eru nauðsynlegir alls staðar á Norðurlöndunum til að komast af (Harpa Njáls, 2003a). Fyrir þá sem eiga stöndugar fjölskyldur er íslenska kerfið fínt. Einnig er fjárhagur öryrkja sem eiga börn betri, því þeim fylgja meðlög og barnalífeyrir.

Innbyggð mismunun í örorkumatskerfinu er gagnrýniverð. Læknir af höfuðborgarsvæðinu bendir á að þeir sem slasast í umferðarslysi fái t.d. mun hærri bætur en þeir sem veikjast. Þeir fái ekkert nema „strípaðar“ bæturnar. Annar læknir segir sjúkdóma metna á mjög ólíkan hátt. Þeir sem eru svo óheppnir að fá „ófinan“ gigtarkvilla, eins og vefjagigt, eiga í erfiðleikum að fá kvillann metinn. Enginn veit með vissu hvað vefjagigt er, hún er einhvers konar samblanda af geðveilu og almennri vesæld og þykir ekki fín. Hún herjar mun oft á konur en karla. Mikilvægt er að allir kvillar séu metnir eins. Oft tekur langan tíma að fá örorkumat. Fólk þarf að bíða í 10-12 mánuði og það er langur biðtími fyrir tekjulaust fólk.

3.1.1.2. Refsað fyrir sjálfsbjargarviðleitni

Tekjur skerðast alltof fljótt. Kerfið brýtur fólk niður, því það má ekki vinna neitt án þess að bæturnar skerðist. Hörð skerðingarákvæði eru afar niðurdrepanði fyrir þá öryrkja sem hafa þrek til að vinna og vilja bæta lífsskilyrði sín. Ákvæðin gera þeim það ókleift. Á tali nokkurra manna sem vinna náið með öryrkjum kemur fram að þeir skammast sín fyrir að hvetja öryrkja til þess að vinna. Þeir gera það vegna þess að félagslega skiptir það fólk miklu máli, en á sama tíma vita þeir að skjólstæðingarnir munu ekkert græða á því fjárhagslega. Þetta er niðurlægjandi og brýnt að breyta því. Fólki er refsað fyrir sjálfsbjargarviðleitnina. Margir öryrkjar geta, og vilja, vinna e.t.v. nokkra tíma á dag, einhverja daga í viku en þeir græða ekkert á því í núverandi kerfi.

Sumir öryrkjar geta alls ekki farið út á vinnumarkaðinn og því verða grunnbætur að vera þannig að hægt sé að lifa af þeim með reisn.

3.1.1.3. Harðar kröfur vinnumarkaðarins

Haldið er fram að kröfur vinnumarkaðarins hafi aukist á síðustu árum. Kröfur um aukna framleiðni, afköst, hagræðingu og arðsemi bitna á öryrkjum. Sem dæmi er tekinn öryrki sem var rekinn eftir 20 ára starf hjá sama fyrirtæki, eftir eigendaskipti. Hann hafði verið vel liðinn af fyrrverandi eigendum og stoltur af starfinu sínu. Hann brotnaði niður eftir uppsögnina. Nokkrir viðmælendur halda því fram að slík viðhorf séu orðin algengari en áður. „Það þarf að gera samfélagsábyrgð **töff** á ný,“ sagði starfsmaður vinnumiðlunar.

Það má laga þetta með samstilltu átaki atvinnurekenda og sveitarfélaga og það er nauðsynlegt að hafa samfélagsábyrgðina skýrari. Atvinnurekendur bera líka ábyrgð. Á sama hátt og fyrirtæki greiða í starfsmenntasjóði er hægt að koma á fót eins konar endurþjálfunarsjóði sem fyrirtæki geta greitt í. Laun starfsmanns með skerta starfsorku geta komið úr slíkum sjóði. Þannig er auðveldara fyrir öryrkja að ráða sig í vinnu því þá eru þeir ekki byrði á fyrirtækinu og vita að þeir eru velkomnir. Þegar, eða ef, viðkomandi nær fullri færni fær hann greidd venjuleg laun. Hið opinbera getur átt frumkvæði að samstarfi á borð við þetta.

3.1.1.4. Að falla á milli kerfa

Í viðtölunum kemur margoft fram nauðsyn þess að einstaklingsmiða þjónustu við öryrkja eins og fyrr var minnst á. „Það er löngu úrelt aðferð að búa fyrst til hólfín og troða svo fólki ofan í þau,“ segir einn þátttakandi. Aðstæður eru fjölbreyttar og hætta á því að einhverjir falli á milli. Mörg dæmi eru til um fólk sem fatlast í kjölfar sjúkdóma og slysa og nýtur ekki þeirra réttinda

og þjónustu sem lög um málefni fatlaðra kveða á um. Þrátt fyrir fötlun er fólk skilgreint sem sjúklingar og þar sem það býr á sjúkrahöfnun á það hvorki rétt á örorkubótum né ferðþjónustu fatlaðra, líkt og þeir sem eru fatlaðir og eiga lögheimili. Þá er það vel þekkt að fatlað fólk hafi litla eða enga stjórn á eigin lífi og sé jafnvel komið fyrir á elliheimili á miðjum aldri. Þeir sem eru skilgreindir sem sjúklingar fá skammtaða vasapeninga og er í raun þrýst í einangrun og fátækt og gerðir að „hlutum“.

Ef þjónusta við öryrkja væri einstaklingsbundin og notendamiðuð myndi þetta ekki gerast. Það þarf að samræma þjónustuna í samræði við fólk með sjálf. Fólk sem býr við fötlun og veikindi verður að mega skipuleggja eigið líf annað kallar á valdleysi og vanmátt. Þjónusta þarf að svara félagslegum þörfum ekki síður en líkamlegum. Fólk sem býr við fátækt og réttindaleysi er ólíklegt til að geta barist fyrir rétti sínum og er í mestri hættu að einangrast félagslega.

Segja má að foreldrar langveikra barna séu hópur sem fellur á milli kerfa. Margir foreldrar með langveik börn hafa ekki tök á að vinna úti. Ef foreldri er eitt með barnið eru kjör fjölskyldunnar afar léleg. Foreldri sem þarf að vera heima hjá veikum barni standa eingöngu til boða umönnunarbætur sem ekki eru skattskyldar og við bætist meðlagið ef um einstætt foreldri er að ræða. Umönnunarbæturnar eru alltof lágar og vonlaust að lifa af þeim. Þeim er einungis ætlað að ná yfir sjúkrakostnað barnsins, en ekki til framfærslu. Þó stendur þessum foreldrum ekki annað til boða. Upphæðin miðast við alvarleika sjúkdómsins.

Ósveigjanleiki í kerfinu setur mark sitt á líf margra öryrkja. Einn viðmælandi nefnir konu sem er mjög líkamlega fötluð. Hún er háskólamenntuð og vinnur við sitt fag. Um leið og hún fór að fá laun voru örorkubætur hennar dregnar til baka. Henni tekst þó ekki að framfleyta sér á laununum, þar sem hún hefur ekki tök á að vinna yfirvinnu. Útgjöld hennar eru meiri en starfsfélagi hennar sem ekki eru fatlaðir. Hún þarf að láta sérsauma á sig öll föt, eiga stóran og dýran bíl til að ferðast í vegna hjólastólsins sem hún er bundin við og þar að auki þarfnast hún mikillar þjónustu við daglegt líf. Á þennan hátt nýtur hún ekki jafnræðis á við aðra vegna fötlunar sinnar.

3.1.1.5. Hugmyndir um endurhæfingu

Það vantar endurhæfingarsun í kerfið. Fólk er of fljótt sett á örorkubætur, lítið reynt að endurhæfa það og/eða koma því af örorku aftur. Þessi tilhneiging í kerfinu er sérstaklega slæm þegar kemur að ungu fólki. Í sumum tilfellum er meiri og betri stuðningur það sem það þarfnast. Ekki er gert nægilega mikið til þess að finna staði fyrir þetta unga fólk í þjóðfélaginu. Það er gefist upp á því of snemma, einkum þeim sem koma úr neyslu. Það á að gera meira af því að

fræða fólk um möguleika sína. Einnig að gefa fólki kost á námskeiðum sem auka tiltrú þess á lífið. „Það lifir í vanköntum sínum“ segir einn viðmælandi.

Endurhæfingarhugsunin endurspeglast þó í ýmsum verkefnum sveitarfélaganna. Menntasmiðja kvenna á Akureyri er eitt þeirra. Margar konurnar sem hana sækja hafa verið öryrkjar til margra ára, eða atvinnulausar til lengri tíma, og verkefnið miðar að því að auka virkni og þekkingu og styrkja stöðu þeirra sem ýmissa hluta vegna þurfa stuðning. Svipuð leið hefur verið farin í öðrum sveitarfélögum. Bæjarstjóri á landsbyggðinni sagði frá svipuðu verkefni í bæjarfélagi sínu. Hann segir gildi endurmenntunar, einkum í sjávarplássum, ómetanlegt. Líf kvennanna í plássinu hafi tekið stakkaskiptum og breyst til batnaðar eftir að þær hófu þátttöku í verkefninu. Konur sem áður voru óvirkar eru nú virkar. Þær eru orðnar sleipar í að nota tölvupóstinn og vafra um á netinu og eru farnar að hreyfa sig reglulega. Nauðsynlegt er að leyfa slíkum verkefnum að dafna. Kerfið á að opna dyr fyrir fólki en ekki loka þeim. Lykilatriði er að mæla ekki árangur slíkra verkefna á hefðbundinn hátt, t.d. í formi prófeinkunna eða útskrifta, heldur með því að kanna áhrif þátttöku í verkefninu á líðan einstaklinganna.

*64 gamall maður, öryrki:
„Maður horfir upp á það hér að það er fólk sem á ekki fyrir mat seinnipart mánaðar. Verslunin hér lánar fólki upp að vissu marki. Þegar það er komið upp fyrir það mark þá er bara að lifa á súrefninu“.*

3.1.2. Geðfatlaðir

Margir þeirra sem eru með geðsjúkdóm á alvarlegu stigi eru einnig öryrkjar. Því á gagnrýni á lágar örorkubætur og umræða um nauðsyn þess að einstaklingsmiða þjónustuna, einnig við um geðfatlaða.

3.1.2.1. Of seint greint

Áþekkar hugmyndir um endurhæfingu komu fram þegar rætt var um málefni geðfatlaðra. Að mati margra grípur heilbrigðiskerfið of seint inn í, þ.e.a.s. þegar fólk er orðið mjög veikt. Meiri áherslu þarf að leggja á fyrirbyggjandi aðgerðir. Besta hjálpin er að fá góða greiningu snemma, rétt lyf, samtalsmeðferð og eftirfylgni. Oft skortir samtalsmeðferð og eftirfylgni. Íslensk rannsókn frá 2001 leiddi í ljós að geðlyfjanotkun er mest hjá þeim sem verst eru staddir félagslega og fjárhagslega; hjá þeim sem hafa minnsta menntun, lægstu tekjurnar, eru ófaglærðir eða ekki á almennum vinnumarkaði, einhleypir eða ekki lengur í sambúð (Tómas Helgason, Kristinn Tómasson og Tómas Zoega, 2003).

3.1.2.2. Geðsjúkir sem einnig eru fíklar

Samkvæmt sérfræðingi á sviði geðhjúkrunar eru geðveikir einstaklingar sem einnig eru fíklar verst staddir. Meðferðarúræði sem þeim standa til boða virka illa saman. Erfitt er að ná til

þeirra því flestir innan hópsins vilja fá að vera í friði með sína neyslu. Oft er um að ræða ungt fólk, líklega vegna þess að þeir sem stunda þennan lífsstíl verða ekki gamlir. Þetta fólk er oft ekki með fasta búsetu og fer úr einu úrræði í annað. Einstaklingar sem tilheyra þessum hópi eiga stundum erfitt með samskipti og eru því gjarnan óvinsælir nágrennar. Sérfræðingurinn heldur því jafnframt fram að heilmikið sé hægt að gera en þjónustan hér á landi sé enn vanþróuð.

Heimilislausir tilheyra oft og tíðum þessum hópi. Starfsmaður hjálparsamtaka, segir að þeir treysti sér oft ekki út á vinnumarkaðinn eftir meðferðina, oft sé viðkvæðið „til hvers að vinna ef launin eru ekki hærrí en örorkan?“ Fólk verður fast í ákveðnum hugsunarhætti. Frami og hæfileikar eru ekki lengur hluti af sjálfmyndinni. Eins veldur það þeim óryggi að erfitt er að komast aftur á örorkubætur ef einstaklingur hefur farið af þeim. Þessu, segir starfsmaðurinn, þarf að breyta. Það er tilfinnanleg þörf á millistigi eftir meðferðina. Í slíkum tilfellum snýst meðferð um miklu meira en að hætta að drekka, það þarf að endurhæfa fólk sem samfélagsþegna. Hann bendir á nýtt úrræði sem er í undirbúningi og heitir Ekron, það miðast við að hjálpa þeim sem koma úr meðferð út í samfélagið. Örorkan er ekki tekin af þeim í tiltekinn mánaðafjölda á meðan þeir þreifa fyrir sér á vinnumarkaðnum. Slík úrræði myndu hjálpa mörgum og óskar hann þess að ríkið setji fjármagn í að byggja upp svona úrræði.

Viðmælandi frá lögreglunni segir nauðsynlegt að hafa fleiri úrræði fyrir heimilislauða fíkla. Gistiskýlið, sem var opnað fyrir nokkrum árum síðan, bætti ástandið til muna og einnig Konukot (athvarf sem Rauði kross Íslands rekur fyrir heimilislauðar konur). Þá vantar stað þar sem heimilislauðir mega leggja sig á daginn, með aðgang að læstum skáp fyrir eigur sínar, svo þeir þurfi ekki að burðast með það sem þeir eiga á sér öllum stundum.

3.1.3. Aldraðir

Í nokkrum viðtölum kemur fram að staða fjölmargra aldraðra hefur batnað á síðustu árum, líklega vegna styrkingar lífeyrissjóðanna. Rannsókn Stefáns Ólafssonar (1999) styður þessa fullyrðingu. Þar kemur fram að dregið hafi úr fátækt á meðal 65 - 67 ára. Hún var 12,4% árið 1988 en var komin í 4,3% á árinu 1998. Meðal annars vegna þess að starfstengdu lífeyrissjóðirnir færa nýjum eftirlaunaþegum á hverju ári meiri réttindi en þeir höfðu sem fyrr komust á eftirlaunaaldur. Þó er til hópur sem sú styrking hafði engin áhrif á.

3.1.3.1. Félagsleg einangrun

Félagsráðgjafi segir að aldraðir sem eru félagslega einangraðir séu margir búnir að bíta ættingjana af sér og afþakka hjálp sveitarfélaganna. Með þessum orðum vísar hún í nýleg dæmi þar sem aldraðir einstaklingar fundust á heimilum sínum eftir að hafa verið látnir um tíma.

Fjallað hefur verið um þessa atburði í fjölmiðlum og hafa þeir valdið óhug margra. Þetta er sá hópur sem mest þarf á félagslegum stuðningi að halda og jafnframt er erfiðast að veita honum hana, segir hún. Sveitarfélögin þurfa að beita sér í að ná til þessa fólks.

3.1.3.2. *Fátækt meðal aldraðra*

Margir aldraðir búa við sára hátækt, einkum þeir sem eiga engan lífeyrissjóð og lifa á óskertum ellilífeyri. Í þessum hópi eru t.d. konur sem voru heimavinnandi og hafa ekki makalífeyri, og fólk sem var með eigin rekstur og greiddi ekki í lífeyrissjóði. Þeir eru enn verr settir sem ekki eiga húsnæðið sem þeir búa í. Af þessari ástæðu treysta margir sér ekki til þess að hætta að vinna vegna kjaranna sem bíða þeirra. Lífeyrissjóðskerfið er mjög gisið. Til að bæta kjör aldraðra þarf að hækka ellilífeyrinn og afnema eignarskattinn hjá þeim sem búa við þröngan kost. Það er eitt úrræði, því margir aldraðir eiga fasteign.

3.2. *Láglaunafólk*

Láglaunafólkið sem stendur verst skortir stuðning og félagslegt tengslanet. Allir viðmælendur könnunarinnar eru sammála um að lægstu laun séu alltof lág. Hið sama kemur fram í fyrrnefndri bók *Fátækt á Íslandi*. Þar segir að hópar ófaglærðra á vinnumarkaðnum fái svo lág laun fyrir 100% starf að þau dugi ekki til lágmarksframfærslu. Það er óásættanlegt í þeirri velmegun sem ríkir á Íslandi. Erfiðleikarnir sem stöðja að láglaunafólki eru eftirfarandi:

55 ára gömul kona, í láglaunastarfi:

„Mér finnst allir eiga rétt á því að halda mannlegri reisn sinni, hvort sem þeir missi heilsuna, eða vinna fyrir lágum launum“.

- **Lægstu launin duga ekki fyrir nauðþurftum og eru lægri en örorkubætur í mörgum tilfellum.** Fullfrískt og reglusamt fólk með 1 – 2 börn, í fullri vinnu, nær ekki að láta enda ná saman.
- **Lausnin felst í því að hækka lágmarkslaun, tryggja fólki lágmarkstekjur og hækka skattleysismörkin. Útbúa þarf viðurkennt og opinbert lágmarksframfærsluviðmið og færa launin upp fyrir það.** Þetta er einnig góð aðferð til þess að minnka launamun kynjanna, þar sem konur vinna láglaunastörf í meiri mæli en karlar.
- **Skattleysismörkin eru alltof lág. Þau á að miða við grunnframfærslu.** Það breytir engu fyrir fólk með góð laun hvort það borgar 38% af tekjum sínum frá 80.- eða 90.000 kr. upp að 400.000 kr. eða 42% af launum frá 140.000 kr. til 400.000 kr. Þetta er aðferð til þess að minnka misréttið í þjóðfélaginu og er bara spurning um tilfærslu.

3.2.1. *Einstæðar mæður*

Einstæðar mæður eru annar stærsti hópur könnunarinnar á eftir öryrkjum. Nokkrir viðmælendur töluðu um einstæða foreldra en tóku ávallt fram að einstæðar mæður væru þar í miklum meirihluta.

3.2.1.1. *Vonlaust að láta enda ná saman*

„Það að vera einstæð móðir á vinnumarkaðnum er klárlega dapurlegasta staðan sem hægt er að vera í. Vinnan er mikil, litlir peningar til að kaupa mat handa sjálfri sér og börnunum. Þú getur kannski keypt slátur á útsölu. Þú hefur ekki efni á neinum sköpuðum hlut og engan tíma til að sinna krökkunum. Þetta ástand gengur á engan hátt upp,“ sagði viðmælandi. Kona sem hann þekkir fær 116.000 kr. útborgaðar á mánuði fyrir fulla vinnu að við bættum u.þ.b. 30.000 kr. á mánuði í meðlag; hún greiðir 40.-50.000 kr. í leigu í félagslega kerfinu og matur fyrir þrjá getur ekki farið undir 1.500 kr. á dag. Þannig fara nær 100.000 kr. bara í húsnæði og mat. Þá á hún eftir að greiða dagvistunargjald fyrir eitt barn, hita og rafmagn, símreikninginn og e.t.v. strætókort. Launin duga ekki fyrir helstu nauðþurftum. Hún hefur hvorki efni á fötum né skóm á börnin, skólaferðalögum þeirra, heitum mat í skólanum, hvað þá tómsundum eða bíóferðum fyrir þau eða sjálfa sig. Hún getur ekki greitt læknskostnað, þó hún fari í heilsugæsluna og alls ekki tíma hjá sérfræðingi. Fjárhagsleg staða hennar væri betri á örorkubótum með fullan lífeyri og húsaleiguuppbót. Það er auðveldara fyrir hana á allan máta. Hún getur þó gengið þangað sem hún þarf að fara, hugleitt innkaupin gaumgæfilega og hugsað betur um börnin sín. „Mér finnst ekkert skrytið að fólk gefist upp við þessar aðstæður!“ sagði viðmælandinn. Í nýlegri grein Hörpu Njáls (2006) kemur fram að stór hluti þeirra sem stunda lágláunastörf eru konur, m.a. við menntun og uppeldi barna á leikskólum, umönnun aldraðra og sjúkra og við gæslu og stuðning í grunnskólum. Hún nefnir þar dæmi um unga konu, með eitt barn á framfæri, sem vinnur sem ófaglærður starfsmaður á leikskóla í 100% starfi. Miðað við tekjur hennar (100% starf, meðlag og barnabætur) í janúar 2005 vantaði 47.000 kr. mánaðarlega (eða 25,5%) til að tekjur hennar dygðu til lágmarksframfærslu.

Viðmælendur skilja af hverju einstæðar mæður með litla menntun gefast upp á vinnumarkaðnum. Á vissum aldri eru börnin veik til skiptis og ekki víst að atvinnurekendur séu umburðalyndir gagnvart því. Þunglyndi meðal ungra, einstæðra mæðra er algengt, enda hefur langvarandi þreyta og peningaleysi slæm áhrif á geðheilsuna. Sjálfsmat kvennanna molnar svo niður hægt og rólega.

Besta leiðin til að efla mæðurnar, og lágláunafólk almennt, er að niðurgreiða skólamáltíðir, gæslu eftir skóla og tómsundastarf með aðstoð sveitarfélaganna; hafa slíkt ókeypis fyrir alla, eða aðeins þá sem þurfa á því að halda. Það væru þó mistök hjá sveitarfélögum að veita aðeins þeim sem hafa það verst slíka aðstoð. Slíkt ætti að hugsa sem fyrirbyggjandi aðgerð. Að taka í notkun skólabúninga er einnig nefnt sem leið til að minnka ójöfnuð á milli barna. Íþróttaiðkun er dýr; iðkunin sjálf og búnaðurinn, og því ekki á allra færi að veita börnum sínum hana. Margir gagnrýna íþróttafélögin fyrir að etja börnum út í að kaupa

dýran búnað. Þjálfararnir eru oft og tíðum ungir (15 – 16 ára), á kafi í neyslumeningunni sjálfir og því ómeðvitaðir. „15.000 kr. takkaskór fyrir átta ára krakka eru t.d. ónauðsynlegir,“ segir einn viðmælandi. Lagt er til færa alla íþróttaiðkun og tómstundastarf inn í skólana og tengja það skóladeginum. Á þann hátt þurfa ungu krakkarnir ekki að koma sér til og frá æfingu eða fá stressaða foreldra sína til að skutla sér á vinnutíma eða eftir vinnu. Með þessu mætti slá tvær flugur í einu höggi. Fjölskyldan hefði meiri tíma saman og börn þyrftu ekki að vera ein heima á daginn.

3.2.1.2. Leið út úr vítahring

Flestir eru á því að það versta við stöðu þessara einstæðu mæðra sé hve fastar þær eru í aðstæðum sínum. Það þarf að gera þeim kleift að klára skyldunám og komast í framhaldsskóla. Menntun getur verið leið út fyrir þær. T.d. má veita þeim skólástyrk sem er tengdur námsárangri, þó ekki með of stífum reglum. Eins má veita lán til námsins. Þetta myndi skila sér margfalt til þjóðarbúsins t.d. með fækkun atvinnulausra og jafnvel öryrkja. Slíkt nám hentar þó ekki öllum. Sumar mæðranna eru búnar að missa vonina og sjálfsmyndin er brotin. Þá getur verkefni á borð við þau sem minnst var á í kafla 3.1.2.5. hér að framan virkað betur.

Hægt er að fræða grunnskólastelpur betur um hvaða áhrif barneignir á unga aldri geta haft á líf þeirra, um valkosti sem skerðast, þau atvinnutækifæri sem bjóðast og kjörin sem þeim fylgja.

3.2.2. Innflytjendur

Innflytjendur eru þriðji stærsti hópurinn sem þátttakendur telja standa verst í íslensku samfélagi. Í viðtölunum er réttilega bent á að innflytjendur eru fjölbreyttur og sundurleitur hópur fólks með ólíkan bakgrunn. Þeir standa því afar misjafnlega að vígi og vegnar misvel. Fjölmarginir viðmælendur lýsa áhyggjum sínum af stefnuleysi stjórnvalda í málefnum innflytjenda og óttast afleiðingarnar ef ekki verður brugðist við fljótlega. Viðmælandi sem vinnur í nánnum tengslum við öryrkja telur nauðsynlegt að yfirvöld geri sér grein fyrir þessum nýja þjóðfélagshópi sem sestur er hér að til frambúðar. Það þarf að kortleggja innflytjendur með skerta starfsorku, geðsjúkdóma og aldraða. Gæta þarf þess að til séu næg úrræði fyrir þá.

3.2.2.1. Fátækt og varnarleysi

Stór hópur innflytjenda býr við sára fátækt.. „Margir búa við hræðilegan húsakost, margir saman í óheilbrigðu umhverfi,“ sagði einn viðmælandi sem gert hafði könnun á aðstæðum

Læknir af höfuðborgarsvæðinu:
„Ég veit um erlendan verkamann sem fær 116.000 kr. í mánaðarlaun en ætti rétt á 240.000 kr. skv. kjarasamningi ASÍ. Þessi maður er látinn vinna 11 og ½ klst. á dag og er ekki í aðstöðu til þess að kvarta. Þessi hópur á sér engan málsvara og er fullkomlega réttindalaus“.

innflytjenda. Það er sérstaklega erfitt að horfa upp á þegar börn eru annars vegar. Foreldrarnir vinna myrkranna á milli, oft í erfiðis- og/eða vaktavinnu og hafa þ.a.l. takmarkaðan tíma til að sinna börnum sínum. Börnin þurfa á miklum stuðningi að halda í skólanum, í sumum tilfellum eru foreldrarnir ólæsir og geta því takmarkað aðstoðað þau. Skólahjúkrunarfræðingar og kennarar meðal viðmælenda fullyrða að mikil fátækt sé meðal barna innflytjenda. Þeir vita til þess að börnunum hafi verið gefið að borða í skólanum án endurgjalds þar sem starfsmenn skólans viti af fátækt heima fyrir. Þetta eigi reyndar ekki einungis við um börn innflytjenda, heldur einnig innfædda Íslendinga.

Úti á vinnumarkaðnum eru innflytjendur varnarlausir⁷. Þeir geta ekki yfirgefið vinnuveitendur sína þó að þeir séu ósáttir, þar sem atvinnuleyfið er gefið út á þá (þ.e. atvinnurekendurna). Þetta fyrirkomulag setur innflytjendur í valdalaus stöðu gagnvart vinnuveitanda. Nefnt var dæmi um innflytjanda í fiskvinnslu sem þorir ekki annað en að vinna yfirvinnu daglega þar sem hann óttast að ef hann neiti verði hann rekinn og þar með vísað úr landi. Slík meðferð á fólki er algeng og fullkomlega óásættanleg, sagði sérfræðingur í málefnum innflytjenda.

3.2.2.2. Einangraðar konur

Margar erlendar konur hér á landi eru félagslega einangraðar. Konur sem eru heimavinnandi og tala ekki íslensku (og ekki ensku) verða að reiða sig á eiginmenn, eða börn, til að eiga samskipti við aðra. Staða þeirra einkennist af valdaleysi. Oft þurfa börnin að vera túlkar mæðra sinna. Lögð er of mikil ábyrgð á börnin of snemma, þau finna til sín, mæðurnar fá minnimáttarkennd gagnvart þeim. „Þau eiga að vera fullorðin utan heimilisins og börn heima við,“ sagði viðmælandi. Þetta myndar einkennilegt hegðunarmynstur innan fjölskyldunnar.

Í nokkrum viðtölum var minnst á aðstæður erlendra kvenna sem búa við andlegt og líkamlegt ofbeldi. Staða þeirra er verri en staða íslenskra kvenna sem búa við kúgun eiginmanna, vegna þess stuðnings sem þær síðarnefndu njóta þó flestar. Eiginmennirnir, sem í flestum tilfellum eru íslenskir, koma í veg fyrir að erlendar konur sínar læri íslensku eða fari út á vinnumarkaðinn. Þessar konur búa í fangelsi heima hjá sér því dvalarleyfi þeirra er háð maka fyrstu 2-3 árin. Þær eiga því tvo kosti. Annaðhvort að sætta sig við kúgunina og ofbeldið eða að vera vísað úr landi. Síðari kosturinn er enn verri en sá fyrri hjá mörgum þeirra vegna aðstæðna í heimalandinu. Það þarf að vera hægt að gera undanþágur við slíkar aðstæður. Mikilvægt er að bjóða öllum innflytjendum upp á tungumála-, samfélags- og réttindafræðslu.

⁷ Átt er við innflytjendur sem koma frá löndum utan EES svæðisins.

Sams konar áhyggjur af erlendum konum sem búa við félagslega einangrun endurspeglast greinilega í nýlegri rannsókn Rauða kross Íslands (2006).

3.2.2.3. Aðlögun að íslenskri menningu

Það er álit margra að það sé brýnt að innflytjendur aðlagist íslensku samfélagi og að Íslendingar aðlagist einnig hinum nýju íbúum landsins. Tungumálið er lykilatriði í því ferli. Nauðsynlegt er að hafa samræmt fyrirkomulag á íslenskukennslu, enda er íslenskukunnátta skilyrði búsetuleyfis⁸. Huga þarf að mörgu í tengslum við íslenskukennsluna, sbr. að ólíka kennslutækni þarf til þess að kenna Svíum íslensku eða Tælendingum. Tælenska er tónamál og því uppbyggð með allt öðrum hætti en t.d. Norðurlandamálin. Eins eru sumir innflytjendur ólæsir og því ógerningur fyrir þá að læra íslensku með sama hætti og læst fólk gerir.

Mörg börn innflytjenda eiga undir högg að sækja. Foreldrarnir standa styrkum fótum í sínum uppruna á meðan krakkarnir upplifa sig utangarðs. Það er að segja, þeim finnst þau hvorki tilheyra íslenskri menningu né menningu foreldra sinna. Fram kemur að sumar mömmur leggja ekki rækt við móðurmál sitt og tali því við börn sín á lélegri íslensku. Það bitni á börnunum í skólanum því orðaforði þeirra sé lítill. Þetta má líklega rekja til þess þegar erlendar mæður, óháð því hversu vel þær töluðu málið, voru hvattar til að tala íslensku við börnin sín á foreldrafundum. Því er jafn nauðsynlegt að huga að móðurmálskennslu fyrir börnin, og íslenskukennslu.

3.2.3. Karlar sem eru einstæðingar

Tekið skal fram að þessi hópur er stærsti skjólstæðingahópurinn sem þiggur fjárhagsaðstoð Félagsþjónustunnar í Reykjavík (Anna G. Ólafsdóttir, 2005).

3.2.3.1. Háar meðlagsskuldir og kröfur nútímans

Þetta er ört vaxandi hópur. Þessir karlar eru iðulega með háar skuldir á bakinu, þ.á.m. meðlagsskuldir. Þeir telja sig ekki geta farið út á hinn almenna vinnumarkað því þeir vinni bara upp í skuldirnar og eigi ekkert afgangs. Margir hafa misst tengsl við börnin sín eftir skilnað. Fyrst eru þeir oft ekki í aðstöðu til að taka á móti þeim þar sem þeir búa. Þeir ílengjast í aðstæðunum þar til tengslin við börnin rofna. Smám saman brotnar sjálfsmynd þeirra, vegna fátæktar, vonleysis og almennrar vesældar og með tímanum verða þeir öryrkjar. Margir ungir menn, sem hvorki hafa verið í sambúð né átt börn, tilheyra einnig þessum

Starfsmaður hjálparsamtaka:
„Óruggt húsnæði er mikilvægt. Karlar sem búa í geymslum eða hrikalegum húsakynnum, þurfa húsnæði til að geta tekið á móti fjölskyldunni sinni. Karlarnir einangra sig meira og meira“.

⁸ Þess ber að geta að í útlendingalögunum er kveðið á um að útlendingar sem óska eftir búsetuleyfi hér á landi hafi sótt námskeið í íslensku að lágmarki 150 klst. (Sjá t.d. Rauði krossinn, 2006).

hópi einstæðinga. Þeim hefur ekki tekist að fóta sig í lífinu, kunna hvorki athafnir daglegs lífs og/eða eðlileg mannleg samskipti. Þeir eru stimplaðir „lúserar“ og það er erfiður stimpill að bera. Miklar samfélagslegar kröfur eru lagðar á karla og margir sligast undan þeim. Þeir eiga að vera sterkir, ríkir og metnaðargjarnir og það er ekki á allra færi. Eins flýja margir kröfur atvinnulífsins. Þeir ráða ekki við tækniframfarirnar, vinnuhraðann og/eða kröfuna um góða mætingu.

Talað er um nauðsyn þess að körlunum sé gert kleift að ná sér á strik. Karlasmíðjunni hefur nýverið verið komið á fót í anda Kvennasmíðjunnar fyrrnefndu. Markmið hennar er að endurhæfa karla m.a. með fræðslu og sjálfsstyrkingu. Slík verkefni gefast vel og hjálpa mörgum einstaklingum sem misst hafa fótanna.

3.3. Börn sem skortir tækifæri

Börn sem alast upp við fátækt búa við skort á lífsmuðsynjum og fara þar með á mis við að taka þátt í samfélaginu til jafns við önnur börn. Þetta eru t.d. börn fólks úr framangreindum hópum. Niðurstöður rannsóknar frá árinu 2000, um áhrif efnahagslegra aðstæðna á félagslega þátttöku, leiða þetta einmitt í ljós. Þar segir að heilsufar unglinga sem búa við erfiðan efnahag sé marktækt verra (andlega og líkamlega), en hinna sem búa við betri efnahag (Harpa Njáls, 2003b). Þó eru þessi börn hvorki vannærð, svöng né betlandi. Hægt er að koma til móts við börnin með ýmsum hætti ef pólitískur vilji er fyrir hendi. Til dæmis með því að gefa þeim kost á að fá skólamáltíðir, gæslu eftir skóla og njóta tómsunda og íþrótta eins og önnur börn.

3.3.1. Erfiðar aðstæður

Börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður (s.s. óreglu, ofbeldi og vanrækslu) og fátækt þar að auki, hafa lélegt veganesti með sér út í lífið. Þau eiga á hættu að lenda í sömu sporum og foreldrar þeirra. Börn sem fá lítinn stuðning og hrós heima fyrir, þurfa nauðsynlega á stuðningi samfélagsins að halda og góður kennari, vinur eða tómsundafulltrúi getur haft afgerandi áhrif á barn og/eða unglíng.

3.3.1.1. 3. kynslóðin

Með 3. kynslóðinni er átt við hvernig bágar aðstæður flytjast frá einni kynslóð til annarrar. Barn sem henni tilheyrir fæðist inn í fátækt í breiðasta skilningi þess orðs. Um er að ræða börn sem alast ekki eingöngu upp við fjárhagslega fátækt, heldur einnig menningarlega og félagslega. Þau fæðast inn í fjölskyldur með margþætt vandamál, þar er oft neysla, ofbeldi, sjúkdómar, fátækt o.s.frv. Börnin njóta ekki góðs uppeldis. Samkvæmt viðmælanda sem starfar á vettvangi barnaverndar byggist heilbriggt uppeldi barna á eftirfarandi atriðum: tilfinningalegri

nærveru/næringu, reglufestu/varanleika og viðurkenningu. Þetta þurfa börn til að þeim geti vegnað vel og þannig læra þau normin í samfélaginu og samskiptahæfni. Ef þetta þrennt er í lagi þá dafna börnin. Ef eitthvað af þessu fer úrskaiðis koma upp vandamál, segir viðmælandinn.

Ávallt glímur stór hópur barna við þessar aðstæður. Foreldra, sem koma sjálfir úr slíkum bakgrunni, skortir þekkingu og skilning á því sem er nauðsynlegast í barnauppleði. Þetta kallar viðmælandi hinn félagslega arf. Foreldrarnir fóru á mis við ofangreind atriði í æsku og þegar þeir fara sjálfir að eignast börn hafa þeir ekki forsendur til að vera góðir uppallendur. Stór hluti barnanna sem rekur á fjöru barnaverndar tilheyrir þessum hópi. „Aldrei hefur verið gerð nein alvarleg tilraun til þess að rjúfa þetta ferli,“ segir viðmælandinn. Hann trúir því að með íhlutun sé möguleiki að rjúfa hinar félagslegu erfðir, því þær eru jú félagslegar en ekki eðlislægar á neinn hátt. „Við búum í þessu ríka og smáa samfélagi, við eigum að nýta okkur það... Við erum tiltölulega einsleit og höfum jafnræðishugsun í hávegum.“ Við gætum orðið fyrsta þjóðfélagið í heiminum sem reynir að fást við að rjúfa slíkt ferli með kerfisbundnum hætti. „Við höfum þekkinguna, getuna og fjármagnið í þetta. Það eina sem þarf er pólitísk forgangsröðun.“ Þetta væri möguleiki með alhliða stuðningsaðgerðum við foreldra sem eru að burðast við uppleði barna sinna og margþættan vanda; fátækt, vímuefnaneyslu, geðsjúkdóma, menntunarskort og jafnvel þroskaskerðingu. Með því að veita fjölskyldum stuðning við uppleði barna, í samvinnu og samráði við fjölskyldurnar, væri hægt að ná miklum árangri. Þetta yrði að vera samningur á milli hjálparaðilans og viðkomandi fjölskyldu. „Ég er sannfærður um að þetta er framkvæmanlegt,“ segir viðmælandinn, enda hefur hann aldrei hitt foreldra sem ekki vilja börnum sínum það besta. Hann giskar á að um 100 börn á ári fæðist inn í slíkar aðstæður.

Skólahjúkrunarfræðingur í Reykjavík:

„Það er hryllileg staða að vera fátækt barn, sérstaklega þar sem nú eru gerðar mjög miklar kröfur um félagslega virkni.“

3.4. Áleitin mál

Hér á eftir verður gerð grein fyrir svörum viðmælenda á seinni hluta spurningalistans (sjá viðhengi) eins og útskýrt var nánar í 2.4.

3.4.1 Áhættuhópar framtíðarinnar

Fátæk börn (t.d. þau sem eiga foreldra úr fyrrnefndum hópum) og **innflytjendur (einkum 2. kynslóð)** eru þeir hópar sem flestir þátttakendur hafa áhyggjur af í framtíðinni. Aðeins verður farið stuttlega í umræðu um þessa hópa, enda hefur nú þegar verið fjallað um þá. Fjölmargir nefna fyrrgreinda hópa öryrkja, aldraðra og láglaunafólks í þessu samhengi, þ.e.a.s. ef

núverandi aðstæður þeirra breytast ekki til batnaðar. Umræða um þessa hópa hefur einnig nú þegar átt sér stað í þessari skýrslu og verður því ekki endurtekin.

3.4.1.1. Fátæk börn

Fátæk börn fá ekki eðlilega næringu og það er hægt að greina stöðu þeirra út frá klæðaburði, fasi og hegðun. Sum þeirra koðna niður, önnur fara í uppreisn og enn önnur ná að brjótast út úr mynstrinu. Þau fáu sem brjótast út úr mynstrinu eru harðgerð að eðlisfari. Börn úr þessum hópi eru líklegri en önnur börn til að flosna upp úr skóla, fá aðeins láglaunavinnu, eða verða öryrkjar. Þannig lenda þau í sömu sporum og foreldrar þeirra. Með miklum stuðningi og fræðslu má hjálpa þessum börnum og rjúfa þann vítahring sem þau eru föst í.

3.4.1.2 Önnur kynslóð innflytjenda

Margir óttast að misrétti gegn innflytjendum geti leitt til vandamála í framtíðinni. „Það sama mun gerast hér og í Frakklandi. 1. kynslóðin er hamingjusöm, fljót að koma sér upp bíl og íbúð. Fólk lifir á 10 þúsund kr. á mánuði og fjárfestir með restinni,“ sagði viðmælandi sem þekkir vel til málefna innflytjenda. Afkomendur þeirra sætta sig ekki við sömu aðstæður. Þeir gera sömu kröfur um lífsgæði og þorri manna en lenda samt sem áður í verstu störfunum og atvinnuleysi. Þá byrja vandræðin. Fólk verður tregara til að ráða þessi ungmenni (2. kynslóðar) í vinnu. Þessir krakkar verða pirraðir og láta ekki bjóða sér þetta af skiljanlegum ástæðum. Önnur kynslóð er því sérstakur áhættuhópur.

3.4.2. Munurinn á milli sveitarfélaga og landshluta

Rúmur helmingur treysti sér ekki svara spurningu um muninn á milli sveitarfélaga og landshluta og sagðist ekki hafa forsendur til þess. Flestir þeirra sem svöruðu sögðu töluverðan mun vera á. Sveitarfélög eru misrík og gera misvel við sitt fólk. Lögin um félagslega þjónustu eru rammalög og sjálfræði sveitarfélaganna því mikið, t.a.m. eru engin viðmiðunarmörk um hvað fjárhagsaðstoð eigi að vera mikil. Þetta kemur skýrt fram í rannsókn frá árinu 2000. Þar kom fram að allt að sexfaldur munur væri á fjárhagsaðstoð á milli sveitarfélaga (Anný Ingimarsdóttir og Guðný Björk Eydal, 2000). Góð fjárhagsstaða sveitarfélaga og ríkuleg fjárhagsaðstoð við skjólstaðinga fer ekki alltaf saman. Pólitísk forgangsroðun skiptir öllu máli. Stóru og vel stæðu sveitarfélögin veita bestu þjónustuna og hafa meira framboð úrræða, að mati flestra. Þau draga til sín fólk sem þarf á þjónustu að halda. Á sumum stöðum er þensla og samdráttur, og kreppa á öðrum, það hefur áhrif á þjónustuna. Viðmælandur af landsbyggðinni segja að nándin við

skjólstæðingana skipti einnig máli. Þeir sem vinna með fólkinu í smærri sveitarfélögum geta veitt því persónulegri þjónustu og haldið betur utan um það. Í borginni er auðvelt að gleymast og falla inn í fjöldann.

Sum minni sveitarfélög veita ekki þá þjónustu sem lög gera ráð fyrir, þess vegna flæmist fólk í erfiðum aðstæðum frá þeim stöðum, til þéttbýlli kjarna. Þetta er ósanngjarnt gagnvart stærri samfélögum. Minni sveitarfélögin komast upp með þetta því um er að ræða fólk sem er lítið í sér og leitar því ekki réttar síns, hvað þá vekur á þessu athygli.

Fíklar utan af landi leita til Reykjavíkur. Þar geta þeir horfið í fjöldann, eru látnir í friði og geta fundið samfélag fólks í svipuð ástandi. Hið sama á við um þá sem kljást við alvarlega geðsjúkdóma.

3.4.3. Munur á bágri félagslegri og fjárhagslegri stöðu

Hægt er að gera greinarmun á félagslega og fjárhagslega bágri stöðu, að mati flestra viðmælenda. Þetta tvennt þarf ekki alltaf að fara saman. Fjölskyldur með lítið á milli handanna geta samt verið sterkar félagslega og unað hag sínum vel, farið vel með peninga og hugsað vel um börnin sín. Á meðan t.d. aldraðir einstaklingar sem eiga nóg af peningum er félagslega illa settir, einangraðir og einmana.

Aðrir telja þó að þetta tvennt fari nánast alltaf saman. Líkindi á félagslega bágri stöðu aukist vegna fjárhagslegra slæmrar stöðu og öfugt. Afleiðingar fátæktar eru félagslegir erfiðleikar og félagslegir erfiðleikar geta valdið fátækt. Börn sem koma úr fátækt bera þess merki og eiga frekar á hættu að lenda í einelti, en það hefur slæm áhrif á félagslega stöðu þeirra.

3.4.4. Fátækt á Íslandi

Það er fátækt á Íslandi. Nánast allir viðmælendur eru sammála um það. Hún hefur hins vegar verið *tabu* hingað til og ekki mátt ræða um hana. Ekki er hægt að miða hana við fátækt í fátækrahverfum Mumbai borgar á Indlandi, heldur við íslensk viðmið um kjör og lífsgæði og út frá afstæðum viðmiðum. „Afskaplega fáir á Íslandi hafa undir 1\$ á dag“ segir viðmælandi og vísar þar í algeng fátæktarviðmið. Þrátt fyrir það er hér að finna margt fátækt fólk. Fátækt fólk getur ekki tekið þátt í samfélaginu, eða staðið undir þeim kröfum sem samfélagið gerir til þess og barna þeirra. Nokkrir viðmælendur áætla að um 10% Íslendinga séu undir fátæktarmörkum, út frá þessum afstæðu viðmiðum. Fátækt tengist skorti. Fátæka manneskju skortir eitthvað sem við teljum til lífснаuðsynja. Peningar koma fyrst upp í hugann

Starfsmaður vinnumiðlunar:
„Fátækt er heilsufarslega niðurbjótandi, með því að missa heilsuna ertu orðin öryrki og það þýðir fátækt, þannig virkar það!“

af því það er svo margt sem fólk fær fyrir peninga; mat, húsnæði og föt. Sá sem er fátækur hefur ekki aðgang að lífsnauðsynjum.

Ekki nægir að skilgreina fátækt einungis út frá fjárhagsstöðu heldur einnig félagslegri. Þeir eru fátækir sem passa ekki inn í normið, hvort sem þeir eiga peninga eða ekki. Það eru gerðar kröfur um að allir passi inn í hin félagslegu norm. Það er nauðsynlegt að hvetja til meira umburðarlyndis gagnvart þeim sem skera sig úr fjöldanum. Þeir sem eru öðruvísi eru furðufuglar þangað til að þeir ná frama, en þá verða þeir snillingar. Andlega fátækt bar einnig á góma í viðtölunum. Andlega fátækir eru þeir sem hafa ekki gaman af neinu, þ.e. lífsneistinn er sloknaður. Sumir komast af með lítið og líður sæmilega. Aðrir hafa nákvæmlega það sama og geta ekki gert neitt sér til gleði. „Já! Það er fátækt,“ segir einn viðmælandi.

Nánast allir þátttakendur minnst á breikkandi bil á milli mjög ríkra og mjög fátækra á Íslandi og einnig á vaxandi, eða a.m.k. sýnilegri, stéttaskiptinu í því sambandi. Fátæktin verður því stöðugt sýnilegri.

3.4.5. Jafn aðgangur að heilsugæslu

Skiptar skoðanir koma fram í könnuninni um hvort allir hafi jafnan aðgang að heilsugæslu á Íslandi. Þriðjungur viðmælenda segist ekki hafa nægilega þekkingu til að svara því. Þriðjungur telur aðganginn jafnan að mestu leyti. Grunnheilbrigðisþjónusta er ódýr á Íslandi og öllum opin. Fólk sem ekki er í aðstöðu til þess að borga er látið vera og ekki er gengið á eftir því. Allir sem vilja geta fengið heilbrigðisþjónustu. Þriðjungur telur aðganginn alls ekki jafnan og margir úr þeim hópi hafa mjög sterkar skoðanir á málinu.

Álitsgjafar frá landsbyggðinni benda á augljósar, landfræðilegar orsakir sem koma í veg fyrir að allir hafi sama aðgang. Þeir sem t.d. búa langt frá heilsugæslu eða sjúkrahúsi, t.d. afskekkt úti í sveit, hafa ekki sama aðgang og aðrir. Læknir kemur t.a.m. aðeins einu sinni í mánuði til að vitja fólks á öræfum og sú bið getur reynst fólki löng og erfið, að mati Rauða kross konu af landsbyggðinni. Fólk sem býr í smærri sveitarfélögum hefur ekki sama aðgang að sérfræðingum (s.s. augnlæknum, tannlæknum og geðlæknum) og sérhæfðri þjónustu (s.s. aðstoð sálfræðings eða félagsráðgjafa) og það sem býr í þeim stærri.

Þó heilsugæslan sé ódýr geta margir ekki notfært sér hana. Öryrkjar og ellilífeyrisþegar sem lifa á óskertum bótum tilheyra t.d. þeim hópi. Fjöldi viðmælenda heldur þessu fram. Dæmi eru tekin um fólk sem hefur þurft að fresta læknisheimsókn og lyfjakaupum í marga mánuði og fá lánað hjá nágrönnum fyrir lífsnauðsynlegum lyfjum. Afsláttarkortin nýtast ekki þeim sem standa verst. „Ég þekki konu sem þurfti að fara í ristil- og magaspeglun um daginn, kostnaður upp á 10 – 15.000 kr., hvernig á hún að geta það með 90.000 kr. á mánuði?“ spyr viðmælandi

sem vinnur með öryrkjum. „Þetta setur fjármál hennar algjörlega úr skorðum.“ Nokkrir viðmælendur leggja til að grunnheilsugæslan verði höfð ókeypis fyrir alla, þannig sé hægt að tryggja þeim sem verst standa lágmarksheilsugæslu sem þeir fara á mis við í dag.

Enn stærri hópur hefur ekki efni á að leita til sérfræðinga. „Læknisheimsókn til sérfræðings kostar að meðaltali 4.500 kr. Það gengur ekki upp fyrir fólk á bótum eða í lágláunastörfum. Það sjá allir!“ segir einn viðmælandi. Nú orðið er hægt að sjá stöðu fólks út frá tannheilsu þess. Einnig kemur fram að ódýrari sálfræðiaðstoð geti skipt sköpum við að fyrirbyggja alvarlega geðsjúkdóma (kvíða og þunglyndi).

Geðheilbrigðisþjónustan er ekki aðgengileg öllum. Fólk á öllum aldri er á biðlistum eftir geðlæknisaðstoð; börn, unglingar, fullorðnir og aldraðir. Fólk þarf að vera orðið fárveikt til þess að komast í viðtal og meðferð. Geðfatlaðir eiga oft erfitt með að fá almenna heilsugæsluþjónustu að mati viðmælanda sem starfar með geðfötluðum. „Þeir eru sendir á Klepp um leið og þeir kvarta, þar fá þeir geðlyf en ekki aðra umönnun, sem þeir þarfnast.“

Nokkrir viðmælendur kvarta undan skorti á þjónustulund í heilbrigðiskerfinu. Fólk sem er ytið og í góðri stöðu fær auðveldlega aðgang að læknum á meðan fólk sem er lítið í sér fær hann síður. Þetta er ómeðvitað hjá starfsfólkinu. Afleiðingarnar eru samt sem áður þær að þeir sem verst standa fá verstu þjónustuna, segir einn þátttakandi. Þörf er á almennri mannréttindafræðslu, fræðslu um fjölmenningu og fordóma gegn innflytjendum og öðrum sem eiga undir högg að sækja í samfélaginu, innan heilbrigðiskerfisins.

3.4.6. Tengsl á milli fjárhagslegrar stöðu og heilsu

Langflestir telja tengsl á milli fjárhagslegrar stöðu og heilsu. Læknir í Reykjavík segir tengslin augljós og margsönnuð. Fátækt og félagslega illa statt fólk býr almennt við verri heilsu. Lífslíkur þess eru minni og meiri líkur eru á að það reyki, sé of þungt og sé haldið þunglyndi og streitu. Það borðar næringarminni mat og hreyfir sig minna. Allir þessir þættir stuðla að verri heilsu. Viðvarandi fjármálaáhyggjur hafa mjög slæm áhrif á fólk. „Maður sér fullfrískt fólk brotna niður andlega þegar það missir vinnuna,“ segir starfsmaður vinnumiðlunar. Þessi tengsl eru greinileg, ápreifanleg og keðjuverkandi.

*64 gamall maður, öryrki:
Margir sem búa hér eru veikir og þeir mega ekki við því að kljást líka við fátækt. Því líður kannski illa alltaf, af líkamlegum eða andlegum ástæðum, og svo bætist þetta við“.*

3.4.7. Ofbeldi og áhrif þess

Meirihluti viðmælanda verður ekki var við að skjólstæðingar þeirra búi við ofbeldi. Ástæða þess kann að vera að ofbeldi á heimilum er almennt vel falið og kemur sjaldan upp á yfirborðið. Þeir sem verða helst varir við ofbeldi eru viðmælendur sem starfa á sviði barnaverndar og í skólum.

„Við fáum að sjá allt það ljótasta í mannlegri hegðun og sjáum því miður að margar konur og börn búa við ofbeldi á heimilinu,“ segir félagsmálastjóri úti á landsbyggðinni. Flestir telja kynferðislegt ofbeldi í æsku vera alvarlegustu tegund ofbeldis, einkum vegna langvarandi áhrifa þess. Margir bíða þess aldrei bætur. Sama á við um ungar konur sem verða fyrir nauðgun, þær eru lengi að kljást við minningar um atburðinn. Forvarnir eru lykilatriði í þessum efnum. Það er nauðsynlegt að koma þessum málum upp á yfirborðið, ræða um þau, alvarleika þeirra og afleiðingar, og ekki síst fræða börn um hvað megi og hvað megi ekki gera við þau. Eins er mikilvægt að fræða ungt fólk um nauðganir og skaðsemi þeirra. Ekki síst unga karla, sem eru gerendurnir í þessum málum.

Viðmælandi sem starfar á sviði barnaverndar segir að hér á landi virðist kynferðisofbeldi gagnvart börnum fá meiri athygli en annars konar líkamlegt ofbeldi gegn þeim, a.m.k. er þrisvar sinnum oftar tilkynntur grunur um kynferðisofbeldi en líkamlegt. Þetta getur þýtt að hér ríki meira umburðarlyndi gagnvart líkamlegu ofbeldi. „Ljóst er að allir tilkynna það ef maður strýkur barni kynferðislega, jafnvel utan klæða, en það vefst fyrir fólki ef það verður vitni að því er maður slær barn utan undir, eða rassskellir það. Ef við lítum fræðilega á barn sem er löðrungað eða rassskellt, verður það ekki fyrir minna áfalli en ef því væri strokið utan klæða.“

3.4.8. Innflytjendur sem standa höllum fæti

Viðmælandur hafa aðallega áhyggjur af stöðu erlends vinnuafis og einangrun erlendra kvenna. Um þessa hópa hefur þegar verið fjallað í skýrslunni (sjá 3.4.1.2. og 3.2.2.2).

3.4.9. Fólksflutningar⁹

Fólksflutningar haldast að miklu leyti í hendur við atvinnuástand á hverjum stað. Ef atvinnuástand er gott flyst fólk til svæðisins en ef það er slæmt flyst fólk frá því. Þetta kemur glöggt fram í viðtölum við viðmælandur af landsbyggðinni. Eins lítur út fyrir að betri þjónusta og úrræði hafi jafnframt sterkt aðdráttarafl sem útskýrir sífelldan straum fólks úr dreifbýli í þéttbýli.

Vakin er athygli á sérstökum hópi fólks sem flakkar á milli bæja, sveitarfélaga og landshluta. Þessi hópur staldrar aldrei lengi við á einum stað. Börn úr þessum fjölskyldum eru mörg mjög illa sett. Þau festa hvergi rætur. Þessi tiltekni hópur endurspeglar þó aðeins lítinn hluta þeirra sem flytjast búferlum.

⁹ Þess ber að geta að þessi hluti endurspeglar aðeins viðhorf landsbyggðarinnar (sjá viðauka, spurningu 9 og 10).

4. Niðurlag

Sjö hópar standa verst í íslensku samfélagi. Þeir eru *öryrkjar, einstæðar mæður, innflytjendur, aldraðir, karlar sem eru einstæðingar, geðfatlaðir og börn sem búa við erfiðar aðstæður*. Ekki eru allir sem tilheyra ofangreindum hópum bágstaddir, heldur þeir sem tilheyra hópunum og búa jafnframt við fátækt, lítil félagsleg tengsl og/eða félagslega einangrun.

Bótaþegar sem lifa á óskertum bótum frá Tryggingastofnun s.s. öryrkjar, aldraðir og geðfatlaðir, búa við fátækt. Bæturnar eru of lágar og duga ekki fyrir nauðsynjum. Þörf er á endurskoðun á opinberum viðmiðum um lágmarksframfærslu og hækkun bóta samkvæmt því. Tekjur skerðast allt of fljótt með þeim afleiðingum að bótaþegum sem vilja og geta bætt hag sinn með vinnu er það ekki mögulegt. Endurskoða þarf tryggingabótakerfið með einstaklingsmiðaðri þjónustu í huga og leggja meiri áherslu á endurhæfingu.

Láglaunafólk, s.s. einstæðar mæður, innflytjendur og karlar sem eru einstæðingar, stendur illa fjárhagslega. Lægstu launin eru alltof lág og nægja ekki fyrir nauðpurftum (eru jafnvel lægri en örorkubætur). Hækka þarf lágmarkslaun, tryggja fólki nauðsynlegar lágmarkstekjur og hækka skattleysismörkin. Útbúa þarf lágmarksframfærsluviðmið og setja launin upp fyrir það. Gera þarf fólki kleift að komast út úr þessum aðstæðum með fræðslu/menntun og/eða endurhæfingu.

Börn sem alast upp við fátækt hafa ekki sömu tækifæri að þroskast og dafna og vera þátttakendur í samfélaginu eins og önnur börn. Þau sem búa þar að auki við vanrækslu, óreglu og/eða ofbeldi á heimilum sínum eru mun verr sett. Brýnt er að tryggja jöfnuð allra barna á Íslandi.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir hvaða fólk stendur verst í íslensku samfélagi um þessar mundir, af hverju og hvernig má breyta aðstæðum þeirra til batnaðar. Rauði kross Íslands hyggst nota þessar upplýsingar til að meta hvar þörfin fyrir aðstoð er mest, forgangsraða verkefnum og ákveða hvernig haga skuli málsvarastarfi. Síðast en ekki síst er ætlunin að vekja athygli almennings og stjórnvalda á aðstæðum þessa fólks, í þeirri von að samfélagið taki höndum saman og bæti hag og aðstæður þeirra sem þrengir að í íslensku samfélagi.

5. Heimildaskrá

Anna G. Ólafsdóttir (8. maí 2005). Fátækt - hluti af íslenskum veruleika. Morgunblaðið. (Bls. 10 – 12).

Anný Ingimarsdóttir og Guðný Björk Eydal (2000). *Fjárhagsaðstoð og fátækt* (Skýrsla). Reykjavík: Félagsráðgjöf Háskóla Íslands.

Harpa Njáls (22. apríl 2006). Kjör hinna lægst launuðu eru óviðunandi! Morgunblaðið. Bls. 37.

Harpa Njáls (2003a). Fátækt á Íslandi: Er öllum börnum tryggt félagslegt og efnahagslegt velferðaröryggi? Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri). *Rannsóknir í Félagsvísindum IV*, (bls. 71 – 81). Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Harpa Njáls (2003b). *Fátækt á Íslandi við upphaf nýrrar aldar: Hin dulda félagsgerð borgarsamfélagsins*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Mackerback, Johan P. (2006). *Health Inequalities: Europe in Profile* (Skýrsla). Rotterdam: Erasmus MC.

Matthías Halldórsson, A E Kunst, L Köhler, and J P Mackenbach (2002). Socio-economic differences in children's use of physician services in the Nordic countries *Journal of Epidemiology and Community Health*, 56, 200 - 204.

Matthías Halldórsson, Cavelaars, A.E. J. M., Kunst, A.E. og Mackenbach, J. P. (1999). Socioeconomic differences in health and well-being of children and adolescents in Iceland. *Scandinavian Journal of Public Health* I, 43 – 47.

Rauði kross Íslands (2006). *Vegvísir til aðlögunar að íslensku samfélagi* (Skýrsla). Reykjavík: Rauði kross Íslands.

Rauði kross Íslands (2003). *Leiðarljós og stefna Rauða kross Íslands til 2010* (Samantekt frá aðalfundi ársins 2003).

Rauði kross Íslands (2003). Fundargerð aðalfundar.

Rauði kross Íslands (2002). Fundargerð aðalfundar.

Rauði kross Íslands (2001) Fundargerð aðalfundar.

Rauði kross Íslands (2000). „Hvar þrengir að?“ (Skýrsla). Reykjavík: Rauði kross Íslands.

Rauði kross Íslands (2000). Fundargerð aðalfundar.

Rauði kross Íslands (1999). Fundargerð aðalfundar.

Rauði kross Íslands (1998) Fundargerð aðalfundar.

Rúnar Vilhjálmsson (2000). Heilbrigðismál frá sjónarhóli félagsfræði. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri). *Rannsóknir í félagsvísindum III*, (bls. 335 – 350). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Sigríður Jónsdóttir (1997). Það er erfitt að geta ekki séð fyrir sér sjálfur: Rannsókn á aðstæðum Reykvíkinga sem fengið hafa fjárhagsaðstoð til langs tíma. Reykjavík: Félagsmálastofnun Reykjavíkur.

Stefán Ólafsson (1999). *Íslenska leiðin*. Reykjavík: Tryggingastofnun Íslands.

Stefán Ólafsson og Karl Sigurðsson (1996) *Fátækt á Íslandi*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Félagsvísindastofnun.

Tómas Helgason, Kristinn Tómasson og Tómas Zoega (2003). Algengi og dreifing notkunar geðdeyfðar-, kvíða- og svefnlyfja. *Læknablaðið*, 89, 15 – 22.

UNDP (2005). *Human Development Report*. (Economic performance tafla 14) (Skýrsla). New York: UNDP

Valgerður Katrín Jónsdóttir (2004). Fátækt og heilsufar á Íslandi. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 2, 12 – 15.

6. Viðauki

Landskönnunin: „Hvar þrengir að?“ - Spurningar fyrir álitsgjafa

1.
 - a) Hvaða hópur/hópar í samfélaginu hefur það bágast í dag og af hverju?
 - b) Hvar og hvernig kynntist þú stöðu hans/þeirra?
 - c) Á hvaða hátt mætti efla þennan hóp/þessa hópa?
 - d) Hvers konar breytingar þyrftu að eiga sér stað hjá hinu opinbera til þess að staða þessa hóps/hópa gæti batnað?
 2. Er hægt að gera greinarmun á ástandi á milli sveitarfélaga eða landshluta? Eru einhverjir aðilar, samtök eða félög sem geta gefið frekari upplýsingar um bágstadda á Íslandi? Er einhver hópur/hópar fólks sem á það á hættu að verða bágstaddur í framtíðinni? Er hægt að gera greinarmun á því hverjir hafi það verst, annars vegar félagslega og hins vegar fjárhagslega?
 3. Er fátækt á Íslandi? Hvernig myndir þú skilgreina fátækt?
 4. Verður þú vör/var við að fólk/börn sé beitt ofbeldi eða búi við ofbeldi? Hvers konar ofbeldi gegn börnum/fullorðnum er alvarlegast og mikilvægast að stemma stigu við?
 5. Er stéttaskipting á Íslandi? Ef svo er, hvaða áhrif telur þú ólíka stéttastöðu hafa á möguleika fólks til að njóta sín í samfélaginu?
 6. Hafa allir sama aðgang að heilsugæslu á Íslandi? Ef svo er ekki hvaða hópur eða hópar situr ekki við sama borð og aðrir? Hvernig mætti breyta því?
 7. Eru tengsl á milli lakrar fjárhagslegrar stöðu og heilsu?
 8. Stendur einhver hópur/einhverjir hópar innflytjenda höllum fæti í íslensku samfélagi?
- Spurningar sem eingöngu eru ætlaðar álitsgjöfum á landsbyggðinni
9. Er mikið um fólksflutninga til og frá þínu svæði? Hvernig myndir þú lýsa þessum hópi einstaklinga og ástæðum flutninganna?
 10. Tengjast einhver vandamál þessum flutningum, t.d. veikindi? Ef svo er er, hvaða vandamál?

Grundvallarmarkmið Alþjóða Rauða krossins og Rauða hálfmánans

mannútt Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim sem særst höfðu á orrustuvelli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og létta þjáningar fólks hvar sem það er statt. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra fljóða.

óhlutdrægni Hreyfingin gerir engan mun á milli manna eftir þjóðerni þeirra, kynþætti, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmálaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir.

hlutleysni Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts, skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka flátt í deilum vegna stjórnmála, kynþátta, trúarbragða eða hugmyndafræði.

sjálfstæði Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns, verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarmarkmið hreyfingarinnar.

sjálfboðin þjónusta Hreyfingin er borin uppi af sjálfboðnu hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon.

eining Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það skal vera öllum opið og vinna mannúðarstarf um landið allt.

alheimshreyfing Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan, og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar.